

1997 nr. 137 23. desember Lög um Kennaraháskóla Íslands

I. kafli. Hlutverk.

■ **1. gr.** Kennaraháskóli Íslands er miðstöð kennara- og uppeldismenntunar á Íslandi. Kennaraháskóli Íslands er vísindaleg fræðslu- og rannsóknarstofnun er veitir nemendum sínum menntun til þess að gegna störfum á sviði kennslu, þjálfunar, uppeldis og umönnunar og til þess að sinna sjálfstætt fræðilegum rannsóknum á því sviði.

□ Nánari fyrirmæli um skilgreiningu þess náms sem háskólinn veitir og hvernig samstarfi við aðra háskóla á sviði kennara- og uppeldismenntunar skuli háttáð skal setja í reglugerð.

II. kafli. Kennarar og nemendur.

■ **2. gr.** Kennarar við Kennaraháskóla Íslands eru prófessorar, dósentar, lektorar, aðjúnktar og stundakennarar.

□ Prófessorar, dósentar og lektorar skulu vera þeir einir sem hafa kennslu og rannsóknir að aðalstarfi. Aðjúnktar eru ráðnir til eins árs hið skemmsta. Stundakennarar eru ráðnir til eins árs eða skemmri tíma.

□ [Háskólaráð setur nánari reglur¹⁾ um starfsskyldur ótímabundið ráðinna kennara.]²⁾

¹⁾ Rg. 938/1999. ²⁾ L. 42/1999, 1. gr.

■ **3. gr.** Rektor ræður prófessora, dósentar, lektora, aðjúnkta og stundakennara.

□ Umsækjendur um prófessorstöður, dósentar- og lektorstöður skulu láta fylgja umsókn sinni upplýsingar um háskólamenntun sína, vísindastörf og önnur störf, svo og rit-smíðar og rannsóknir.

□ Rektor skipar þriggja manna dómnefnd eftir tilnefningu háskólaráðs og menntamálaráðherra, til tveggja ára í senn, til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna stöðu prófessors, dósentar eða lektors. Háskólaráð tilnefnir tvo menn í nefndina, þar af annan formann nefndarinnar. Annar fulltrúanna sem háskólaráð tilnefnir skal starfa utan háskólans.

□ Menntamálaráðherra tilnefnir einn mann í nefndina. Í dómnefnd má skipa þá eina sem lokið hafa meistaraþrófi úr háskóla.

□ Rektor skal eftir ábendingu viðkomandi deildar tilnefna sérfræðing, hverju sinni, er skal vera dómnefnd til ráðgjafar þegar fræðistörf umsækjenda eru metin.

□ Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það hvort ráða megi af vísindagildi rita og rannsókna umsækjanda, svo og af námsferli hans og störfum, að hann sé hæfur til að gegna stöðunni. Engum manni má veita prófessorstöðu, dósentarstöðu eða lektorstöðu nema meiri hluti dómnefndar hafi lát-ið það álit í ljós að hann sé til þess hæfur.

□ Háskólaráði er heimilt að setja reglur sem kveða á um að sambærileg ákvæði gildi við ráðningu sérfræðinga á sviði rannsókna og annarra fræðistarfa við skólann.

□ Heimilt er að flytja lektor úr lektorstöðu í dósentarstöðu og dósent úr dósentarstöðu í prófessorstöðu samkvæmt nánari reglum sem háskólaráð setur.

■ **4. gr.** Háskólaráð skal, að fengnum tillögum deildarráða, staðfesta reglur¹⁾ um skráningu nemenda í einstakar deildir þar sem nánar er kveðið á um inntökuskilyrði í viðkomandi deild.

□ Háskólaráð tekur ákvörðun um fjárhæð skrásetningargjalds sem nemendum er gert að greiða við upphaf skólaárs. Skrásetningargjald skal taka mið af kostnaði vegna innritunar, kennsluefnis og pappírsvara sem skólinn lætur nemendum

í té og nauðsynlegt er vegna starfsemi háskólans. Skrásetningargjald skal ekki vera hærra en sem nemur 25.000 kr.

□ Heimilt er að taka 15% hærra gjald af þeim sem skrá sig til náms eftir að auglýstu skrásetningartímabili lýkur.

□ Þeir einir teljast nemendur við Kennaraháskóla Íslands sem skrásettir hafa verið til náms.

¹⁾ Rg. 935/1999.

III. kafli. Stjórnskipulag.

■ **5. gr.** Háskólaráð er æðsti ákvörðunaraðili innan skólans nema annað sé berum orðum tekið fram í lögum.

□ Í háskólaráði eiga sæti:

1. rektor sem er sjálfkjörinn í ráðið og jafnframt forseti þess,

2. [fjórir fulltrúar ótímabundið ráðinna kennara og fjórir til vara kjörnir á almennum fundi þeirra hlutfallsbundinni kosningu til tveggja ára í senn],¹⁾

3. tveir fulltrúar nemenda og tveir til vara kjörnir hlutfallsbundinni kosningu til tveggja ára í senn samkvæmt reglum nemendafélags skólans,

4. tveir fulltrúar skipaðir af menntamálaráðherra til tveggja ára í senn.

□ [Varaforseta og ritara kýs ráðið úr hópi háskólaráðsfulltrúa ótímabundið ráðinna kennara.]¹⁾

¹⁾ L. 42/1999, 2. gr.

■ **6. gr.** Rektor boðar til funda í háskólaráði eftir þörfum. Óski þrjár háskólaráðsfulltrúar eftir fundi er rektor skylt að boða til hans. Rektor stýrir fundum ráðsins.

□ Háskólaráðsfundur er ályktunarbær ef tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra manna sækja fund hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði falla jöfn sker atkvæði forseta úr.

□ Varamenn sitja fundi háskólaráðs í forföllum aðalmanna.

■ **7. gr.** Menntamálaráðherra skipar rektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs. Skal staðan auglýst laus til umsóknar. Háskólaráð setur reglur¹⁾ um hvernig staðið skuli að tilnefningu rektors.

¹⁾ Rg. 934/1999.

■ **8. gr.** Háskólaráð ákvarðar deildarskipan skólans og afmarkar aðrar stjórnunareiningar.

□ Deildarfundir og deildarráð, í umboði háskólaráðs og rektors, stjórna málefnum hvernar deildar og fer deildarforseti með framkvæmdarvald í málefnum deildarinnar.

□ Háskólaráð setur reglur¹⁾ um skipan deildarráða og val á deildarforsetum. Háskólaráð setur reglur um deildarfundi, hverjir hafi rétt til setu á deildarfundum og hvert skuli vera verkswið þeirra, vald og ábyrgð. Háskólaráð setur deildarráðum starfsreglur. Háskólaráð setur jafnframt reglur um skipan annarra stjórnunareininga.

□ Stofnanir og einstakir starfsmenn innan háskólans, sem ekki lúta sérstakri stjórn, heyra beint undir embætti rektors.

¹⁾ Rg. 937/1999.

■ **9. gr.** Fyrir hverja deild skólans eða skilgreinda námsbraut skal setja námskrá sem kveður á um markmið, inntak og meginviðfangsefni námsins, þar með talin starfsþjálfun á vettvangi þar sem það á við. Á grundvelli námskrár skal árlega gefin út kennsluskra þar sem m.a. er gerð grein fyrir tilhöggun náms, kennsluháttum og námsmati. Í kennsluskra eða öðrum starfsáætlunum einstakra deilda skal enn fremur kveðið á um missira- eða annaskiptingu, kennslutíma, próftímabil, leyfi og önnur atriði sem varða skipulag náms.

□ Háskólaráð staðfestir námskrár og kennsluskra en deildarráð bera ábyrgð á gerð þeirra.

[IV. kafli. Kennsla, framkvæmd prófa, agaviðurlög.]¹⁾¹⁾ L. 42/1999, 3. gr.

■ **[10. gr.]** Háskólaráð skal setja reglur um prófgráður, prófgreinar, próftíma, prófdómara, endurtekningu prófa, viðurkenningu erlendra prófa, skiptingu fullnaðarprófs í fleiri en einn hluta, undirbúningspróf, einkunnir og annað er að prófum lýtur. Heimilt er í reglum háskólaráðs að kveða á um hámarkstímalengd í námi eða einstökum hlutum þess og um afleiðingar ef þeim ákvæðum er ekki fullnægt. Háskólaráð skal enn fremur setja almennar reglur um meistara- og doktorsnám, svo og um vörn sérstakra doktorsritgerða. Háskóla-kennarar standa fyrir prófum, en hver deild ræður tilhögun prófa hjá sér að svo miklu leyti sem ekki eru sett bindandi ákvæði um það í lögum eða reglum háskólaráðs. Sameiginleg stjórnslá háskólans annast skipulag og framkvæmd prófa.¹⁾

¹⁾ L. 42/1999, 3. gr.

■ **[11. gr.]** Stúdent á rétt til að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar ef hann æskir þess innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji stúdent sem ekki hefur staðist próf þá eigi una mati kennarans getur hann snúíð sér til viðkomandi deildarforseta. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki. Einnig getur kennari eða meiri hluti nemenda, telji þeir til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi. Rektor skipar prófdómendur að fengnum tilögum háskóladeildar.¹⁾

¹⁾ L. 42/1999, 3. gr.

■ **[12. gr.]** Rektor getur veitt stúdent áminningu eða vikið honum úr skóla um tiltekinn tíma eða að fullu, ef hann hefur gerst sekur um brot á lögum eða öðrum reglum háskólans, eða framkoma hans gagnvart starfsmönnum háskólans eða öðrum stúdentum er ósæmileg eða óhæfileg. Áður en ákvörðun um brottrekstur er tekin skal leita umsagnar háskóladeildar og gefa stúdentinum kost á að tjá sig um málið. Stúdent er heimilt að skjóta ákvörðun rektors til áfrýjunarnefndar samkvæmt lögum um háskóla. Málskot frestar framkvæmd ákvörðunar rektors. Rektor getur að hæfilegum tíma liðnum heimilað stúdent sem vikið hefur verið að fullu úr skóla að skrá sig aftur til náms í háskólanum ef aðstæður hafa breyst. Stúdent er heimilt að skjóta synjun rektors um skráningu til áfrýjunarnefndar.¹⁾

¹⁾ L. 42/1999, 3. gr.**[V. kafli. Rannsóknir og gjaldtaka fyrir þjónustu o.fl.]¹⁾**¹⁾ L. 42/1999, 5. gr.

■ **[13. gr.]¹⁾** Heimilt er Kennaraháskóla Íslands að setja á stofn rannsóknarstofnun. Kennarar skólans geta fullnægt rannsóknarskyldu sinni að nokkru eða öllu leyti með störfum í þágu stofnunarinnar. Heimilt er að ráða sérfræðinga að stofnuninni. Háskólaráð getur falið rannsóknarstofnun umsjón með útgáfustarfsemi á vegum háskólans. Háskólaráð skipar stjórn stofnunarinnar.

□ Rannsóknarstofnun skal, eftir því sem aðstæður leyfa, veita uppeldisstéttum og nemendum skólans ráðgjöf og fræðslu um skipulagningu og framkvæmd rannsókna.

□ Háskólaráð skal setja reglur, sem menntamálaráðherra staðfestir, um starfsemi rannsóknarstofnunarinnar og þar með talið um gjaldtöku fyrir þjónustu sem stofnunin veitir.

□ Reglurnar skulu birtar í Stjórnartíðindum.

□ Heimilt er háskólaráði að stofna sérstaka rannsóknarsjóði. Skal um þá sett skipulagsskrá sem menntamálaráðherra staðfestir. Skipulagsskráin skal birt í Stjórnartíðindum.

¹⁾ L. 42/1999, 3. gr.

■ **[14. gr.]** Kennaraháskóla Íslands skal heimilt að taka gjald fyrir þjónustu sem telst utan þeirrar lögmæltu þjónustu sem háskólanum er skylt að veita. Honum er enn fremur heimilt að taka gjöld fyrir endurmenntun og fræðslu fyrir almenn-ing. Háskólaráð setur nánari reglur um gjaldtöku og ráðstöfun gjaldanna.

□ Háskólaráði er heimilt að semja við félög stúdenta, hollvinasamtök, einstaklinga, samtök þeirra og fyrirtæki eða opinberar stofnanir um að taka að sér þjónustu fyrir hönd Kennaraháskóla Íslands enda sé farið að ákvæðum í 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins.¹⁾

¹⁾ L. 42/1999, 4. gr.

■ **[15. gr.]** Að fenginni tillögu viðkomandi deildarfundar hefur háskólaráð rétt til þess að veita doktorsnafnbót. Slíka nafnbót má veita í heiðursskyni, að undangengnu doktorsnámi eða með vörn doktorsritgerðar. Háskólaráð setur sérstakar reglur um veitingu doktorsnafnbótar, þ.m.t. um doktorsnám og um vörn doktorsritgerða.¹⁾

¹⁾ L. 42/1999, 4. gr.**[VI. kafli.]¹⁾ Gildistaka, reglugerð o.fl.**¹⁾ L. 42/1999, 3. gr.

■ **[16. gr.]¹⁾** Við gildistöku þessara laga renna eignir Kennaraháskóla Íslands, Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands til Kennaraháskóla Íslands.

¹⁾ L. 42/1999, 3. og 4. gr.

■ **[17. gr.]¹⁾** Menntamálaráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð²⁾ um framkvæmd þessara laga.

¹⁾ L. 42/1999, 3. og 4. gr. ²⁾ Rg. 936/1999, rg. 939/1999.

■ **[18. gr.]¹⁾** Allar reglur sem háskólaráð setur á grundvelli þessara laga skulu birtar í Stjórnartíðindum.

¹⁾ L. 42/1999, 3. og 4. gr.

■ **[19. gr.]¹⁾** Lög þessi, sem sett eru með hliðsjón af lögum um háskóla, öðlast gildi 1. janúar 1998 og skulu vera komin að fullu til framkvæmda eigi síðar en 31. júlí 1999.

¹⁾ L. 42/1999, 3. og 4. gr.

■ **[20. gr.]¹⁾** . . .

¹⁾ L. 42/1999, 3. og 4. gr.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Um þá sem við gildistöku laga þessara eru starfsmenn eða nemendur í Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands gildir eftirfarandi:

a. Nemendur, sem við gildistöku laga þessara stunda nám í þeim skólum sem eru sameinaðir með lögum þessum og ljúka námi áður en þau koma til fullra framkvæmda, eiga rétt á að ljúka prófum samkvæmt gildandi námsskipulagi skólanna við gildistöku laganna. Háskólaráði, sbr. e-lið, er heimilt að ákveða að þeir nemendur geti lokið háskólaprófgráðu.

b. Núverandi rektor Kennaraháskóla Íslands er rektor hins nýja Kennaraháskóla Íslands þar til nýr rektor hefur verið skipaður, sbr. e-lið. Störf skólastjóra Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands eru lögð niður frá og með 1. janúar 1998. Þó skulu þeir sem gegna þessum störfum við gildistöku laganna eiga rétt til starfa hjá Kennaraháskóla Íslands samkvæmt c- og d-lið.

c. Skipaðir og ótímabundið ráðnir kennarar við Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands, sem uppfylla starfsskilyrði samkvæmt lögum um háskóla, eru starfsmenn Kennaraháskóla Íslands frá og með 1. janúar 1998. Hið sama gildir um prófessora, dósentar og lektora við Kennaraháskóla Íslands og þá starfsmenn skól-

anna sem gegna öðrum störfum en þeim sem upp eru talin í d-lið.

d. Störf skipaðra og ótímabundið ráðinna kennara við Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands sem ekki uppfylla starfsskilyrði samkvæmt lögum um háskóla skulu lögð niður 1. janúar 1998. Þó er heimilt að fresta niðurlagningu starfanna til 31. júlí 2001. Sé heimild til frestunar á niðurlagningu starfanna nýtt teljast starfsmenn samkvæmt þessum lið vera starfsmenn Kennaraháskóla Íslands frá og með 1. janúar 1998.

e. Er Alþingi hefur samþykkt lög þessi skal menntamálaráðherra skipa níu manna háskólaráð til 31. júlí 1999.

Það skal starfa í samræmi við ákvæði laga þessara og tryggja framkvæmd þeirra, sbr. 14. gr.¹⁾ Skólanefnd Fósturskóla Íslands, skólanefnd Íþróttakennaraskóla Íslands, skólaráð Kennaraháskóla Íslands og skólastjórn Þroskaþjálfaskóla Íslands skulu hver um sig tilnefna einn fulltrúa til setu í því ráði og menntamálaráðherra tvo fulltrúa. Jafnframt skulu stjórnir nemendafélaga skólanna tilnefna sameiginlega tvo fulltrúa í ráðið. Rektor Kennaraháskóla Íslands, sbr. b-lið, skal vera forseti háskólaráðs þar til nýtt háskólaráð hefur verið skipað, sbr. 5. gr., og nýr rektor skipaður, sbr. 7. gr., samkvæmt tilnefningu þess háskólaráðs.

¹⁾ Nú 19. gr., sbr. l. 42/1999, 3. og 4. gr.